



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á 30 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju
30. október 2016**

Sannur styrkur samfélags og ríkis er hvorki mældur í vopnum né heraflla. Mannfjöldi ætti ekki heldur að ráða slíku mati og enn síður hagvöxtur eða þjóðarframleiðsla. Afrek á sviði menningar, vísinda eða íþróttu eru lofsverð en segja ekki endilega mikið um gæði þjóðfélags. Nei, raunverulegur styrkur þess felst í samkennd, liðveislu og mannkærleik. Hvaða réttinda njóta þeir sem þurfa á aðstoð að halda um stundarsakir eða til langframa? Hve vel er hlúð að sjúkum og fötluðum? Hve mikilla fordóma gætir meðal fólks? Er öryggi barna tryggt? Hversu vel líður öldruðum á ævikvöldi?

Á fyrstu vikum mínum í embætti forseta Íslands hef ég átt þess kost að fara víða um landið, kynnast mörgu sem vel er gert og fræðast um þau verkefni sem leysa þarf. Fyrsti viðkomustaður okkar hjóna voru Sólheimar í Grímsnesi, heimili þroskaskertra einstaklinga og fólks sem lætur sér annt um þá. Þegar stofnað var til samfélags þar snemma á síðustu öld var aðbúnaður þroskaskertra einstaklinga á Íslandi allur annar og verri en hann er í dag. Þeir voru óhreinu börnin hennar Evu. Á hinum nýja stað fengu þeir skjól sem áttu það svo sannarlega skilið.

Á Sólheimum er fallett samfélag sem einkennist af umhyggju og kærleika, virðingu og liðveislu. Ekki hentar það þó öllum sem búa við skertan þroska. Í þeirri viðleitni að hjálpa þroskaskertum borgurum þessa lands ættum við ætíð að hafa að leiðarljósi að fólk geti hjálpað sér sjálft, ráðið sér sjálft, notið mannglegrar reisnar. Síðustu vikur hef ég kynnst samtökum sem vinna að því hjálpa þroskaskertu og geðfötlugu fólki að taka virkan þátt í samfélaginu, komast út úr vítahring einangrunar og brostins sjálfstrausts. Hjá Klúbbum Geysi er leitast við að hjálpa þeim sem hafa glímt við geðsjúkdóma að komast á vinnumarkaðinn. Sama gera samtökin Specialisterne fyrir fólk á einhverfurófi. Marga sigursöguna mætti segja af fólki sem fengið hefur hlutastarf á góðum vinnustað, gert gagn í starfi og fengið lífsgleði í kaupbæti. Um þetta og fleira sem tengist

stöðu þroskaskertra og fatlaðra fræddist ég vel eftir heimsóknina austur á Sólheima. Þannig var mér bent á fróðlega bók, sögu móður sem hefur kappkostað að fjölfatlaður sonur hennar fái notið sömu réttinda og aðrir, geti búið á eigin heimili og megi ráða sínu lífi eftir föngum. Þegar henni varð fötlun sonar síns ljós skrifaði móðirin í dagbók sína:

Elsku litla barn. Kannski verður þú alltaf barn. ... Það sem skiptir þó meginmáli er að þú verðir hamingjusamur. Við verðum að lifa í ljósinu, litla barn – vinna, von og bjartsýni munu hjálpa okkur gegnum dagana. Mannshugurinn er undarlegur. Hann venst flestu. Kannski er það ekki erfitt – ekki ólán, að eiga þroskaheft barn. ..., þú ert fyrst og fremst lítið barn, lítil persóna. Það er betra að hafa of lítinn heila en of lítið hjarta.

Okkur miðar í rétta átt. Í minni fyrstu heimsókn til útlanda hélt ég á Paralympics-leikana, Ólympíumót fatlaðra í Ríó de Janeiro. Þar sá ég í verki sigur mannsandans á hindrunum, mótbyr, fötlun. Og áfram hafa framfaraskref verið stigin. Í síðasta mánuði fullgiltu íslensk stjórnvöld Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Markmiðum sammingsins er vel lýst í fyrstu grein hans: „Að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra, jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess.“ Góð leið til þess er þegar í boði víða um land, notendastýrð persónuleg aðstoð fyrir fatlaða (NPA). Sums staðar skortir þó fjármagn, jafnvel vilja. Enn er því verk að vinna.

Jafnrétti er lausnarorðið, fordómaleysi sömuleiðis. Þann anda fann ég á Hinsegin dögum í sumar. Ég leitaðist við að fanga hann í ávarpi að lokinni gleðigöngu þar sem þúsundir komu saman og fögnuðu frelsi og umburðarlyndi. Öll erum við ólík; þegar vel er að gáð er enginn eins og fólk er flest. Ástfrelsi á að ríkja og þann boðskap má orða nánar á marga vegu. Í nýlegu lagi, Óskinni, kvað Bubbi Morthens:

Gakktu götu kærleikans
þá gleðin fylgir þér.
Fylltu hjartað ljósi
þá leiðin greiðfær er.

Farðu þína eigin leið
elsku stelpan mín.
Hvað öðrum finnst – þeir um það.
Þetta er leiðin þín.

Í gleðigöngu Hinsegin daga gekk fólk saman en fagnaði fjölbreytni, hinum ólíku leiðum sem við eigum að geta gengið svo lengi sem við gerum ekki á hlut annarra. Fjölmennung er annað orð okkar daga, fagurt ef það er ekki misskilið eða misnotað. Á forsetastóli hef ég tekið á móti málsvörum flóttamanna og hælisleitenda á Íslandi, fengið frá þeim bréf og beiðnir. Aldrei fyrr í sögunni hafa eins margir verið á vergangi víða um heim, flýjandi stríð, skelfingu, fátækt og nauð. Ill eru örlög barna sem þurfa að þola slíkt. Fyrir nær níutíu árum orti Halldór Laxness:

Er ekki sælt að hugga sig við harminn?
Ég hlusta á únga brjóstið mitt sem lifir,
á hjartað sem dauðinn dokar yfir,
og dreypi tári mínu á sofinn hvarminn.

„Ljóð frá Sýrlandi“ heitir þetta kvæði. Á Íslandi þurfa börn sem betur fer ekki að búa við sprengjuregn, götubardaga og aðrar hörmungar. Vandí þeirra getur þó verið ærinn. Það fræddist ég um á Barnaverndarþingi fyrr í þessum mánuði, í móttöku á Bessastöðum á alþjóðadegi gegn fátækt, á fundi með fulltrúum Barnaheilla, í fjáröflun til styrktar Einstökum börnum, stuðningsfélagi barna og ungmenna með sjaldgæfa, langvinna og erfiða sjúkdóma.

Hver vill ekki hjálpa veikum börnum? Margt bendir reyndar til þess nú um stundir að Íslendingum finnist öflug heilbrigðisþjónusta, sem allir geta notið án tillits til efnahags eða búsetu, vera nauðsynleg þungamiðja okkar velferðarsamfélags. Þetta hef ég fundið í samtölum mínum við fólk í landinu undanfarnar vikur og mánuði. Eflaust hafa fleiri ráðamenn svipaða sögu að segja. Þessum sannindum má lýsa á marga vegu en leyfið mér að draga þau saman í lítilli frásögn austan úr Norðfirði.

Í nýliðinni viku afhenti Krabbameinsfélag Austfjarða Sjúkrahúsínu í Neskaupstað átta lyfjadætur og lyfjastanda að andvirði tveggja milljóna króna. Stórum hluta þeirrar upphæðar safnaði 11 ára drengur úr bænum, Dagur Þór Hjartarson, sem hljóp tíu kílómetra í Reykjavíkumaraþoni. „Allt sem hjálpar þér mamma í baráttunni við brjóstakrabbameinið,“ lofaði stráksi á áheitasíðu sinni. „Þetta er hreint út sagt frábært,“ sagði deildarstjóri sjúkradeildar þar eystra, „og að fá gjafir sem þessar hvetur okkur enn frekar til dáða að sinna okkar starfi af metnaði og fagmennsku. ... Þessi gjöf sprettur af hugsjón og dugnaði sem er hvetjandi fyrir okkur öll.“ Formaður Krabbameinsfélags Austurlands tók í sama streng: „Við erum að styrkja samfélagið með þessu og mikilvægt að sjúklingar upplifi ekki að þeir þurfi að sækja alla lækniþjónustu utan fjórðungsins. Ég finn

fyrir gríðarlegu þakklæti og greinilegt að þessi gjöf er þörf og mikils metin.“

Þorsteinn frá Hamri kvað: „Í mannlegri viðleitni / munar um lítið handtak.“ Frumkvæði og framtak 11 ára gutta ætti að vera okkur öllum til eftirbreytni. En í samfélagi finnur fólk víða styrk. Ég hef ekki minnst á trú í þessu erindi, telst víst seint dyggur trúmaður. Trúlaus er ég samt ekki. Á Bessastöðum er auðvelt að finna hvernig kirkja og saga hafa fléttast saman frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Á Álftanesi stendur Bessastaðakirkja, vígð fyrir réttum 220 árum. Í þeim efnum slær hún því heldur betur við Hallgrímskirkju. Þegar minnst var tveggja alda afmælis kirkjunnar á Bessastöðum árið 1996 sagði Vigdís Finnbogadóttir:

En kirkjan hér ... er ... lifandi helgidómur þeirra sem hingað eiga sókn að sækja og mun fylgja þeim áfram inn í árþúsundið sem kristni er í landinu. Sérhverju sinni sem hér er hátíðleg stund, og fyrir hvern þann sem hingað kemur á tímamótum í lífi sínu, er hún sem öldruð móðir sem umfaðmar börn sín með blessunaróskum. Svo lengi sem hún stendur verður hún sýnilegt tákni þess sem við teljum helgast í sögu og trúararfi þjóðarinnar.

Ég leyfi mér að taka undir þessi orð Vigdísar. Styrkur samfélags og ríkis felst ekki síst í sáttmála fólks frá degi til dags að það sé meira sem sameinar okkur en hitt sem sundrar. Þar geta kirkja og trú leikið hlutverk. Veldur hver á heldur. Styrkur okkar sem þjóðar getur líka legið í bjartsýni og von þrátt fyrir allt sem betur má fara. Á sunnudaginn var kom ég við í Glaumbæ í Skagafirði, gekk þar um gamla kirkjugarðinn og varð minnisstæð grafskrift á einum legsteininum, við leiði Sigurjóns Jónassonar, Dúdda á Skörðugili: „Menn eiga að hafa vit á því að vera í góðu skapi.“ Látum það vera lokaorðin. Þannig verður lífið léttara, og veitir kannski ekki af þessa dagana.